# Strandgata 75 Hafnarfirði.




GRUNNMYND 3 HÆÐ MKV. 1:100.

Samþykkt þ. 24. apríl 2019
Byggingafulltrúinn

# SKÝRINGAR.

- Stjórnstöð.
- R — Reykskynjari.
- O — Handboðar.
- H — Hitaskynjari.
- Sv 01 — Svæðisnúmer.

Strandgata 75 Hafnarfirði.
3 hæð.
(Eignahluti 03-02).
Landeignanúmer: L122433.
Staðgreinir: 1400-1-84000750.
Fastanúmer: F2235050.
Eignarhluti 03-02 er 241,9 m² brúttó.
Flatrmál lóðarinnar Strandgata 75 = 2.808,7 m².

Húsnæðið er í dag samþykkt sem hjúkrunarheimili, samkv. teikningum samþ. af byggingafulltrúa 7 jan. 2009. Framkvæmdir samkv. þeim uppdrætti hafa ekki farið fram og er innra fyrirkomulag í samræmi við eldri uppdrátt frá 14 mars 1996, en þá var þar til húsa skrifstofa tollstjóra.

Hér sýndar breytingar dags. Febrúar 2019. felast í að húsnæðinu verður breytt í gistiíbúð, þ.e. gististað án veitinga, flokkur 2, samkv. reglugerð nr. 1277 frá 30.12.2016, og er í megin dráttum studst við innra fyrirkomulag frá því að það var nýtt fyrir tollstjóraembættið.
Breytingar vegna gistiíbúðarinnar fela ekki í sér að aðkomu og eða tengingu við aðra hluta hússins sé breytt, einungis er um innri breytingar að ræða, og eru þær helstar:
Innréttað er eldhús í norðaustur hluta eignarinnar.
Innréttað þvottahús og geymsla fyrir miðju húsi.
Bætt við 1 salerni.
Ræstivaskur og ræstibúnaður er staðsettur í þvottahúsi/ geymslu, ásamt sturtu/ baðaðstöðu.
Gólfefni gistiíbúðarinnar eru linoleum dúkur, frágandur í votrýmum er vatnsheldur.
Útveggir eru múrhúðaðir á EPS einangrun á staðsteyptan vegg.
Loft eru plötuklædd á afréttingargrind, rakasperru og steinullareinangrun.
Veggir milli brunahólfa eru EI90 veggir timburgrind fyllt með steinull amk. 100 mm veggir klæddir beggja vegna með 2*13 mm gifsplötum.
Milliveggir innan íbúðarinnar eru steinulla fylltir timburveggir gifsplötu klæddir.
Hurð að stigahúsi er EICS-30 eldvarnarhurð.
Innri hurðir eru blokkhurðir málaðar.

Húsið er hitað með miðstöðvarofnum, og eru lagnir sýnilegar að hluta.
Loftræsting gluggalausra af-lokaðra rýma skal vera vélræn, önnur rými eru loftræst um dyr eða opnanlega glugga.

Brunavarnir miðast við notkunarflokk 4 með gestafjölda að hámarki 10 manns, samkv. reglugerð nr. 112 frá 20.01.2012.
Gistiíbúðin ásamt aðlyggjandi rýmum er tengt brunaviðvörunar-kerfi (þjónustu aðili: Öryggismiðstöðin).
Í húsið verða sett slökkvibúnaður eins og aðaluppdráttur sýnir.
Handslökkvitækjum samkv. ÍST EN 3 skal komið fyrir í samræmi við leiðbeiningar eldvarnareftirlits.
Slökkvitækin skulu sett upp og þjónustuð af viðurkenndum aðila.

Á uppdráttum kemur fram brunamótstaða byggingarhluta, þ.e. í aðalatriðum, en auk þess skal uppfylla eftirfarandi kröfur.:
Veggir milli brunahólfa eru EI90 gifsklæddir steinullarfylltir veggir.
Brunamótstaða veggja sem umlykja lagnastokka skal vera amk. AEI-90.

Inntaksklefar fyrir hitaveitu, vatn og rafmagn eru í sér brunahólfi/ inntaksrýmum í kjallara hússins.

Reyklosun / reykræsting er um opnanlega glugga og hurðir.

Starfsemi í gistiíbúðinni er háð leyfi Heilbrigðisfulltrúa og Vinnueftirlits ríkisins.

Greinargerð vegna svala á austur hlið, með tilliti teknu til gr. 9.9.4 Brunamótstaða svala.
Í stuttu máli þá uppfylla svalirnar þær kröfur sem þar eru gerðar, eins og t.d. kröfu um að svalirnar þjóni einungis 1 brunahólfi.
Hæð hússins er 3 hæðir, en reglugerð leyfir 4 hæðir.
Burðarvirki svalanna er úr zink húðuðum stál prófílum, vinklum og bitum, fest við steyptan útvegg með Ø22 mm múrboltum, þessi efni og frágangur uppfylla kröfur byggingareglugerðar **„ A2-s1,d0“.**
Þar sem ekki liggur fyrir staðfesting á gerð og gæðum "plötuefnis" handriðs og gólfklæðningar, er ákveðið að skipta þeim út og endurnýja með plötu klæðningu sem uppfyllir kröfu byggingareglugerðar **„B-s1,d0“.**

Útlitsmyndir, sneiðingar og afstöðumynd sem eru í gildi fyrir húsið eru óbreyttar, og gilda þessvegna áfram.

07.05.2019
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

| Breytingar: | | | |
|---|---|---|---|
| Efni: | Dags. | Teikn. | Yfirf.: |

## Strandgata 75 Hafnarfirði.

GISTIÍBÚÐ eignarhluti 0302. Fastanúmer: 2235050

Landeignanúmer: L122433

| Aðaluppdráttur. | Númer. |
|---|---|
| Efni: | Grunnmynd 3 hæð eignarhluti 0302. |
| Mælikvarði: | 1 : 100. |
| Frumstærð blaðs: | A2 |
| Teiknað: | Sig. Þ. |
| Yfirfarið: | V.Þ.S. |
| Dagsetning útgáfu: | 15-02-2019 |

Teikn. nr: 001 -2019
Endursk:


STH. teiknistofan ehf.
Strandgötu 11.
220 Hafnarfirði.
kt. 510298-2769.
Sími 5651510.
teiknistofan@simnet.is.
Áritun hönnuðar.
Áritun hönnunarstjóra.
Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfí. kt. 141250-4189.